

Foreldraráð Verzlunarskólans

Fundur með skólastjórnendum og félagslífsfulltrúum

✓ Fara lauslega yfir stöðu mála hjá Foreldraráðinu það sem af er vetri.

María sagði frá að í stjórninni í dag sitja bæði nýir og gamlir stjórnendur. Foreldrafundurinn frá í haust hafi gengið sérlega vel og góð mæting á meðal foreldra. Hún þakkar það m.a. kynningunni og fundarboðuninni sem voru kannski sett í smá „skrautbúning“ þ.e. boðið til foreldravölds en ekki bara á aðalfund. Ekki síður var mætingin áhugaverðum fyrirlestri að þakka. Ballgæslan hefur gengið mjög vel í vetur og mun betur en í fyrra. Ástæðan er m.a. sú að fjölmargir foreldrar skráðu sig á foreldravöldinu á lista til að sinna ballgæslu og hefur verið hægt að vinna með hann í allan vetur í mönnuninni. Haft er samband við foreldra af listanum og reynt að tryggja jafnt kynjahlutfall því pabbarnir eru afar mikilvægir í gæslunni. Þetta er annar veturinn sem valfrjálst gjald var sent á foreldra til að greiða inn í foreldrafélagið og hafa innheimtur gengið vonum fram. Foreldrafélagið hyggst standa að fyrirlestri fyrir bæði nemendur og foreldra í vetur um kvíða og þá pressu sem samfélagið setur á unga fólkið um að standa sig vel. Á fundinum var ákveðið að sá fyrirlestur yrði miðvikudaginn 30. mars í hádegishléi fyrir nemendur og verður hraðtafla verður sett á þann dag. Fundur fyrir foreldra verður einnig settur á en ekki er búið að tímasetja hann. Fyrirlesari að þessu sinni verður Anna Steinsen.

✓ Hvernig hefur skólaárið gengið fram til þessa

- **Lífið í skólanum svona almennt.** Tilfinning foreldrafélagsins sem og skólastjórnenda er að lífið í skólanum sé lágstemmdara og notalegra en í fyrra þar sem bar á að nokkrir útskriftarnemar héldu skólaandanum í „gíslingu“.
- **Miðannarmatið í haust.** Það gekk vel og er næsta mat ráðgert núna 4. mars.
- **Námið hjá krökkunum – jólaprófin.** Prófin gengu sinn vanangang um jólin.
- **Brottfall?** 12 nemendur féllu út úr skólanum um jólin. Þó nokkuð margir þurftu að taka endurtekningarpróf og um 70% þeirra sem þreyta prófin ná þeim í endurtekningu.
- **Fyrsta árs nemum í þriggja ára kerfinu** hefur gengið vel og var fallið minna núna en undanfarin ár en það skýrist sennilega af því að 60 færri nemendur voru teknir inn haustið 2015 en fyrri ár. Fyrsta árs nemar héldu að álagið yrði meira en það var en þeir nemar gætu fengið smá skell á öðru og þriðja ári þar sem álagið mun vera meira þá. Hins vegar ætla skólastjórnendur að breyta fyrirkomulaginu næsta haust og bæta þriðja tungumálinu inn strax á fyrsta ári (frönsku, spænsku eða þýsku) til að jafna álagið. Nemendur voru spurðir að því hvort þeir teldu það hyggilegra og voru þeir sammála þeirri stefnu.
- **Einhverjar aðlaganir eða breytingar fyrirhugaðar á náminu / námslínunum?** Hjá nemendum í fjögurra ára kerfinu verða engar breytingar gerðar. Hins vegar voru þeir nemar sem eru í þriggja ára kerfinu (1.árs nemar) að velja línur inni á sinni braut og virðist sem ferðamálalína hitti ekki í mark þar sem eingöngu einn nemi valdi hana. Þeir nemendur sem eru á náttúrufræðibraut völdu ekki tölvulínuna og á alþjóðabraut hitti alþjóðalína ekki í mark en þar hyggjast stjórnendur breyta örlítið um gír og henda stærðfræðinni út og taka frekar sálfræðina inn og athuga hvort meiri áhugi náist. Nemendur geta þá alltaf valið meiri stærðfræði á lokaárinu sínu þar sem þau hafa meira val um námsgreinar. Á nýsköpunar – og listabraut skiptist hópurinn í raun í tvennt, helmingur (11 nemar) völdu sjónlistir og hinn helmingurinn sviðslistir.

- **Námsmat/símat.** Ráðgert er að hafa símatið veigameira heldur en það er þar sem mikil vinna liggur oft að baki því og láta lokaprófin ekki gilda jafn mikið. Nemendur misskilja líka oft niðurstöður prófa ef þeir ná ekki tilsettum markmiðum. Sem dæmi má nefna að ef nemi fær 4,3 á prófi er hann fallinn – en þeir telja oft að það sé „ósanngjarn“ að hækka þá ekki upp í 4,5 þar sem skrefið þangað er styttra en niður í 4,0 (eingöngu er gefið í heilum tölum). En í raun er kerfið þannig að þau þurfa að ná 5,0 en nemendur eru látnir njóta vafans og ná áfanganum ef þeir ná 4,5 eða hærra.
- **Ný heimasíða / Inna!** Ný heimasíða fór í loftið núna á dögnum sem er mun aðgengilegri en sú gamla. Það hefði þurft að fara í miklar viðgerðir á gömlu síðunni ef henni hefði verið haldið úti lengur þar sem margir plástar voru nú þegar komnir á hana. Inna hefur komið vel út fyrir nemendur og kennara og telja þeir hana mun betri en gömlu síðuna. Ráðuneytið var búið að þrýsta á Verzló að taka upp Innu til að hafa betri aðgang að upplýsingum. Foreldraráðið kom með þá hugmynd til stjórnenda skólans að kynna kannski Innu fyrir foreldrum þar sem margir foreldrar (þá sérstaklega þeir sem sitja í stjórninni og hafa tjáð sig) eru þínu týndir inni á síðunni og voru stjórnendur skólans sammála að líklega mætti gera aðeins betur.

✓ **Innritun nýnema fyrir næsta skólaár.**

- **Fyrirhugaður fjöldi nýnema.** Skólinn hyggst taka inn rúmlega 330 nemendur næsta haust eða 12 bekki. Síðastliðið haust voru teknir inn 10 bekkir sem stýrðist af fjárhagslegum aðstæðum þar sem VÍ fékk ekki jafnmikla úthlutun og síðastliðin ár. Fjárhagsstaðan er betri núna en síðastliðið ár en þó fer skólinn fram úr fjárhagsáætlun og mun gera það næstu tvö árin á meðan að bæði er í gangi þriggja og fjögurra ára nám en í framhaldi ætti skólinn að ná að rétta úr kútnum þegar að sú aðlögun gengur yfir.
- **Kynning skólans á nýju fyrirkomulagi.** Öll kynning á nýju fyrirkomulagi er komin inn á nýja heimasíðu skólans. Ingi fór með stjórninni yfir þá síðu og virðist hún vera mjög aðgengileg og ítarleg.
- **Hvernig á að meta vægi og viðmiðun bókstafanna í mismunandi skólum?** Nýnemnar munu nú útskriftast með bókstafi og hafa framhaldsskólar gefið út að nemendur fari ekki inn á bóknámsbrautir nema hafa náð B í lokaeinkunn í viðkomandi greinum. Ingi óttast að Verzlunarskólinn muni eingöngu ná að taka inn nemendur sem eru með A og B+ þar sem skólinn virðist ekki vera að tapa vinsældum. Til að hægt sé að meta nemendur hefur skólinn ákveðið að nota þau tölugildi á bak við bókstafina sem Menntamálastofnun gaf út í vetur, þannig að A=4, B+=3,75, B=3,0, C+=2,75 og C= 2,0. Auðveldara verður þá að raða þeim eftir tölugildum inn í skólann þar sem íslenska og stærðfræði mun ennþá gilda tvöfalt og af hinum fjórum bóklegum greinunum, dönsku, ensku, náttúrufræði og samfélagsfræði verða teknar tvær hæstu af þeim. Ef einhverjir nemendur standa enn jafnfætis verður horft til þeirra tveggja lægstu einkunna. Ef svo færi að enn standa einhverjir nemendur jafnfætis verður horft til annarra afreka á sviði íþróttar, lista eða hvers sem nemendur hafa fram að færa. Nú ef staðan er enn jöfn verða þau sett inn í Excel skjal þar sem nokkrir nemendur verða þá valdir „random“ eða tilviljunarkennt. Þó verður sú nýbreytni höfð á að inni á nýju heimasíðunni verður settur hnappur um leið og forinnritunin hefst þar sem þau geta skrifað u.þ.b. 100 orð um sig og munu þá stjórnendur líta til þess við innritun. Vegna allra þessarra breytinga verður strax byrjað að vinna úr umsóknum til að forvinna og undirbúa, ólíkt því sem áður hefur verið þegar eingöngu gafst um sólarhringur til að vinna úr öllum umsóknunum.

✓ **Einhverjar úttektir eða rannsóknir á skólanum / skólstarfinu t.d. á vegum Menntamálaráðuneytisins?**

Eins og er eru engar rannsóknir eða úttektir á skólanum á vegum ráðuneytisins. Þær eru gerðar á fimm ára fresti og eru ca. tvö ár síðan síðasta úttekt var tekin. Hins vegar notar skólinn Skólalupúlsinn til að spyrja nemendur og starfsfólk út í ýmsa þætta skólalstarfsins. Í apríl verður gerð nemendakönnun þar sem nemendur eru spurðir út í skólann, kennara, námið, félagslífið o.m.fl. Nýlega var gerð könnun á meðal starfsmanna þar sem spurt var út í ýmsa vinnutengda þætti, líðan, skólalstjórnendur og fleira. Niðurstöður úr þeirri könnun er ekki komnar en sú könnun var gerð á vegum MASKINA. Foreldraráðið spurði stjórnendur hvernig farið væri með þau mál er nemendur kvarta undan eins og t.d. kennara/kennurum þar sem nemendur þora oft ekki að stíga fram, halda að það bitni á þeim eða að ekki verði á þau hlustað. Ingi upplýsti að alltaf væri hlustað á nemendur og málin rædd. Þorkell sagði að oftar en ekki byrjuðu nemendur á því að ræða við námsráðgjafana en kæmu svo til sín eða Inga. Stundum þyrfti að ræða við kennara og oftast nær væri hægt að finna lausn á málunum. Hins vegar hafa komið upp erfiðari mál sem skólalstjóri hefur þurft að taka á. Stjórnendur minna þó á að kennarar eiga vinna eftir ákveðnum siðareglum sem kennarar eru flestir ef ekki allir meðvitaðir um.

✓ **Hvernig gengu foreldraviðtölin nú í janúar?**

- **Tímasetningin - hvað ræður henni?** Hugsunin með tímasetningunni er að hægt sé að fara yfir stöðuna eftir jólin og að ekki sé of langt liðið frá niðurstöðum prófanna þetta þykir heppilegt fyrir fyrsta árs nemana því jólaprófin eru fyrsti stóri mælikvarðinn auk þess sem þau hafa sama umsjónarkennara allan veturinn. Sama á hins vegar ekki alveg við á öðru ári.
- **Dálitið skrítið að hitta kennara sem er hættur að kenna en hefur umsjón með nemandanum.** Foreldraviðtölin fyrir fjórðu bekkinga hafa fylgt fyrsta ári en það hefur hins vegar komið til tals að sú tímasetning sé ekki endilega góð því oftast skipta nemendur um umsjónarkennara um jólin. Æskilegra væri því að að kennarinn sem kennir þeim fyrir jól taki frekar viðtölin stuttu fyrir jólaprófin þar sem þeir kennarar þekkja nemendurna betur og geta komið með ábendingar fyrir komandi próf. Aftur á móti ef beðið er fram yfir jól þá er „gamli“ kennarinn ekki lengur umsjónarkennari og nýi kennarinn ekki búinn að kynnast nemendum sínum. Skólalstjórnendur ætla að endurskoða þessi mál fyrir næsta vetur.

✓ **Skólalböllin - aðkoma / inngangur**

- **Umræða um síðasta ball, fara yfir samantektina frá foreldraráðinu ef þurfa þykir og fá staðfestingar á breytingum sem vel gengu o.s.frv.** Nemendamótið gekk vel og tóku stjórnendur tillögum foreldraráðs um breytingar um nokkra þætti í gæslunni vel og gekk allt mun betur. Gerðar voru tvær stelpuraðir og þær færðar innar í Vodafonehöllina og myndaðist þá ekki sú stífla sem oft vill myndast. Öryggisverðirnir voru hins vegar áhyggjufullir að anddyrið myndi „springa“ en sú varð ekki raunin. Hins vegar kom upp nýtt vandamál varðandi skólalböllin í Vodafonehöllinni en það er að krakkarnir komast inn bakdyramegin þar sem neyðarútgangarnir eru – en sumir af þeim sem vísað hafði verið af ballinu gengu inn á ballið bakdyramegin. GO SECURITY vann við gæsluna ásamt félagslífsfulltrúum/námsráðgjöfum og foreldrum og má segja að almenn ánægja sé með það samstarf. Umræður sköpuðust um sjúkrahverbergið og hættur sem geta skapast ef nemendur komast þaðan út óséðir. Þetta er hlutur sem þarf að vera mjög vakandi yfir á hverju einasta balli.

✓ **Ályktun frá foreldraráði varðandi blástur í áfengismæla – framlengja skyldunni**

Foreldraráðið afhenti ályktun um að framlengja blæstri í áfengismæla fram að jólum í öðrum bekk en eftir jólin eru þau komin á átjándá ár og ekki hægt að krefjast blásturs. Stjórnendur skólans voru hlyntir þessari hugmynd og verður þetta skoðað í kjölfarið.

✓ **Edrúpotturinn**

- **Er skólinn búinn að draga úr vinningum í pottinn eftir að foreldraráðið fór að gefa vinninga? Hugmyndin var að bæta við en ekki að annað myndi minnka við það! Munum eftir vinningum á borð við ípad o.fl.**
Skólinn hefur í raun ekki dregið úr vinningum en hins vegar áttuðu félagslífsfulltrúarnir sig á því að nemendafélagið hefur dregið úr eða hætt að skaffa vinninga í edrúpottinn. Edrúpotturinn varð í raun til hjá nemendum í byrjun og þeir voru duglegir að safna vinningum og biðja um gjafir. Nemendur eru hins vegar misspenntir fyrir edrúpottinum og svo þegar að foreldrafélagið hefur komið svona sterkt inn með vinninga þá hefur kannski þörfin minnkað að þeirra mati. Eithvað til að ræða betur við nemendafélagið. Skólinn er hins vegar tilbúinn að auka við vinninga t.d. gefa fleiri matarkort í Matbúð og fleiri miða á ball – jafnvel að sá er vinnur miða á ball fái tvo miða til að taka vin með sér sem gæti verið spennandi.
- **Heyrst hefur umræða nemenda um sanngirni þess að þriðju bekkjar (1.árs nemar) fái mest úr edrúpottinum þegar að þeir þurfa hvort sem er að blása ... kannski alveg sanngjarnar vangaveltur og eitthvað til að ræða!** Ákveðið var á fundinum að auka hlutfallslega fjölda vinninga í 4., 5. og 6. bekk en mun færri blása í 5. og 6. bekk en í yngri bekkjum. Fyrsta árs nemar verða að sjálfsgöðu líka dregnir úr pottinum. Félagslífsfulltrúarnir ætla að taka saman yfirlit yfir fjölda nemenda sem eru að meðaltali að blása úr hverjum árgangi fyrir sig og tengja það saman við útdráttinn. Mesta gulróttin/hvatningin ætti kannski að vera fyrir 4.-6. bekkjara og að þeir blási að sjálfsdáðum!
- **Sú hugmynd kom fram á fundi foreldraráðsins hvort sniðugt væri að bjóða upp á bekkjarverðlaun þ.e. ef heill bekkur kemur edrú á ball og blæs þá fái hann einhver skemmtileg verðlaun til að efla bekkjarandann.** Þessi hugmynd var rædd og er í íhugun. Þó kom fram að þetta gæti verið erfitt í framkvæmd og auk þess gæti þetta skapað úlfúð í bekknum. Foreldrafélagið ætlar að ræða þetta við nemendafélagið.

✓ **Fá upplýsingar um skóla/nemendaferðir til útlanda – verkefnavinna**

Ingi skólastjóri fór stuttlega yfir ferðir á vegum skólans en þær eru talsverðar, bæði sem samstarfsverkefni á milli landa sem og ferðir í kjölfarið á valgreinum í 5. og 6. bekk. Ákveðið var að fá Bertu inn á næsta fund foreldraráðs til að kynna þær ferðir sem eru í boði en hún heldur utan um þessar ferðir og skipulagið í kringum þær.

✓ **Annað**

Ingi fór stuttlega yfir skólagjöldin. Þau hækka oftast á milli ára skv. verðlagsþróun en munu að öllum líkindum hækka meira núna þar sem að ríkið hefur skert framlag til húsaleigu og því verður að hækka skólagjöld nemenda. Upphæðin er ekki alveg komin á hreint. Alltaf er um sama verð per nemenda að ræða og ekki hefur verið veittur systkinaafsláttur. Dæmi er þó um þrjú sem eru í skólanum sem borga tvöfalt gjald í stað þrefalds.

Ingi vildi einnig koma á framfæri að hann hefði fengið kvörtun frá foreldri um að hann hafi ekki verið á foreldrafundinum sem foreldraráðið stóð fyrir á haustönninni en hann segist gera það að ásettu ráði því að foreldrar tjái sig frekar ef hann er ekki á staðnum. Sambærileg kvörtun hafði ekki borist foreldraráðinu þannig að kannski var bara þessi eini aðili að velta fyrir sér fjarveru skólastjórans. María Björk sagði hins vegar að kennarar og skólastjórnendur væru að sjálfsgöðu velkomnir á fundi og fyrirlestra foreldrafélagsins enda engin leyndarmál þar.

Þorkell Diego fór yfir samantekt á lokaeinkunnum á haustmisseri 2015 og kemur sú samantekt í meðfylgjandi skjali.

Tilkynnt var að næsta ball yrði þriðjudaginn 8. mars en enn hvílir leynd yfir því gagnvart nemendum en verður tilkynnt á morgun, miðvikudag.

Fleira var ekki gert en þakkað fyrir góðan fund,

Margrét Ármann, fundarritari.